

# 268. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 8. ÁGÚST 2017 KL 9:30

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál
  - a. Almannatengsl, nýr vefur kirkjunnar, stofnkostnaðaráætlun og ritstjórnarstefna. Áður til umfjöllunar á 266. fundi.
3. Fasteignir
  - a. Reykhólar, málefni prestbústaðar, leigusamningur um húsnæði.
  - b. Reynivellir, efnistaka í Laxá.
  - c. Eiðar, málefni prestbústaðar.
  - d. Melstaður í Miðfirði, ástandsskoðun prestbústaðar.
  - e. Breiðdalsá, erindi varðandi leigu árinna.
  - f. Hrunaheiðar, girðingamál, dómssátt.
  - g. Staðará, veiðiréttarmál, stöðuskýrsla.
  - h. Málefni veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár.
  - i. Kálfafellsstaður, Hrollaugstaðir, lóðamál.
  - j. Hraungerði, ábúðarsamningur.
  - k. Staðastaðaprestakall, tilfærsla í starfi.
  - l. Víðivatn, fyrirspurn varðandi veiði.
  - m. Strandarkirkja, endurnýjun á lóðarleigusamningi.
  - n. Valþjófsstaður, beiðni um kaup á landsspildu.
  - o. Staðastaður, leyfi til lagningar ljósleiðara.
4. Málefni Skálholts
  - a. Skálholt, deiliskipulagstillaga.
  - b. Samstarfssamningur vegna uppbyggingar í Skálholti, afgreiðsla stjórnar Skálholts.
  - c. Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, skýringar Minjastofnunar á niðurstöðu vegna umsóknar um styrk úr Húsafriðunarsjóði.
5. Boðun kirkjuþings 2017.
6. Reglur um bifreiðaafnot og bifreiðastæði á biskupsstofu.
7. Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, umsagnarbeiðni Alþingis.
8. Tilnefning tveggja fulltrúa í stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar.
9. Starfsmannamál.
10. Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 9:30. Forseti kirkjuráðs Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, séra Elínborg Gísladóttir, og Einar Karl Haraldsson í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur. Stefán Magnússon var fjarverandi.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð.

---

## 2. FJÁRMÁL

---

- a. *Almannatengsl, nýr vefur kirkjunnar, stofnkostnaðaráætlun og ritstjórnarstefna. Áður til umfjöllunar á 266. fundi.*  
Áætlunin lögð fram en á 266. fundi lýsti kirkjuráð yfir stuðningi við verkefnið og óskaði eftir nákvæmari kostnaðaráætlun. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarrekstrarkostnaður verði um 1,9 m.kr. á mánuði.
- 

## 3. FASTEIGNIR

---

- a. *Reykhólar, málefni prestbústaðar, leigusamningur um húsnæði.*  
Lögð fram skýrsla verkfræðistofunnar Verkís með viðhalds- og kostnaðarmati prestbústaðarins að Reykhólum.  
Lagður fram leigusamningur við Brynju, hússjóð Öryrkjabandalags Íslands um 52,7 m<sup>2</sup> íbúð við Barmahlíð í Reykhólahreppi. Leigusamningurinn er til ársloka 2017 með heimild til framlengingar. Leiguverð er kr. 95.000 á mánuði. Íbúðin verður nýtt sem aðstaða fyrir sóknarprestinn á Reykhólum þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíðarfyrirkomulag prestþjónustu í prestakallinu. Kirkjuráð ályktar að leggja til við komandi kirkjuþing að prestbústaðurinn verði settur á söluskrá og húsið selt í núverandi ástandi.
- b. *Reynivellir, efnistaka í Laxá.*  
Lagt fram erindi varðandi efnistöku í landi Reynivalla úr eyrum Laxár í Kjós. Einnig lögð fram umsögn Hafrannsóknarstofnunar um verkefnið og svar sóknarprests við fyrirspurn framkvæmdastjóra þar sem m.a. kemur fram til hvaða verka efnið verður notað. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við verkefnið enda verði leitað leyfis að lögum og samráð haft við þá sem málið varðar.
- c. *Eiðar, málefni prestbústaðar.*  
Lagt fram verðmat fasteignarinnar Hraungarður 8, Fljótsdalshéraði, unnið af fasteignasöluinni InnI. Einnig lögð fram bókun bæjarráðs Fljótsdalshéraðs þar sem fram kemur að sveitarfélagið telur ekki þörf á að það eignist húsið. Þá lagt fram skjal með tölvupóstsamskiptum vegna leigusamnings um lóð hússins. Kirkjuráð ályktar að gengið

verði frá lóðarleigusamningnum og húsið síðan auglýst til sölu. Málinu vísað til framhaldsmeðferðar í kirkjustarfs/fasteignahópi kirkjuráðs.

*d. Melstaður í Miðfirði, ástandsskoðun prestbústaðar.*

Lagt fram minnisblað Verkís, verkfræðistofu vegna skoðunar og sýnatöku prestbústaðarins að Melstað. Kirkjuráð ályktar að fela fasteignasviði að ráðast í nauðsynlegar aðgerðir að mati Verkís.

*e. Breiðdalsá, erindi varðandi leigu árinna.*

Erindið lagt fram til kynningar.

*f. Hrunaheiðar, girðingamál, dómssátt.*

Dómssáttin lögð fram. Á 257. fundi sínum fól kirkjuráð Ólafi Björnssyni hrl. að leita samninga í málinu. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að annast um uppgjör á grundvelli dómssáttarinnar.

*g. Staðará, veiðiréttarmál, stöðuskýrsla.*

Lögð fram stöðuskýrsla framkvæmdastjóra. Þá kom fram að framkvæmdastjóri hefði boðið tveimur mönnum að veiða í Staðará um verslunarmannahelgina en hvorugum hefði tekist veiðin vegna áreitni og hótunum af hálfu Traðabónða.

*h. Máefni veiðifélags Hofsfár og Sunnudalsár.*

Framkvæmdastjóri greindi frá fundi með fráfarandi sóknarpresti Hofsprestakalls um málefni veiðifélagsins þar sem fram kom að hann hefði nýverið verið kjörinn til áframhaldandi setu í stjórn þess. Kirkjuráð ályktar að bíða með viðbrögð við erindinu þar til nýr sóknarprestur hefur verið kjörinn í prestakallinu.

*i. Kálfafellsstaður, Hrollaugsstadir, lóðamál.*

Lagt fram erindi Auðuns Helgasonar hdl. Fasteignasviði falið að skoða erindið og svara erindinu.

*j. Hraungerði, ábúðarsamningur.*

Samningurinn lagður fram.

*k. Staðastaðaprestakall, tilfærsla í starfi.*

Lagt fram erindi biskupsstofu varðandi ákvörðun biskups Íslands um tilfærslu sr. Páls Ágústs Ólafssonar sóknarprests í embætti héraðsprests Vesturlandsprófastsdæmis. Ákvörðunin tekur gildi frá og með 1. júlí 2017 og gildir úr núverandi skipunartíma hans, þ.e. til 30. nóvember 2018. Einnig lögð fram bréf biskups Íslands til sr. Páls varðandi málið dags. 30. júní 2017, svarbréf sr. Páls til biskups Íslands dags. sama dag, bréf biskups Íslands til Gríms Sigurðssonar hrl. lögmanns sr. Páls og bréf biskups Íslands til sr. Páls dags. 14. júlí vegna sama máls. Lagt fram til kynningar og gefur ekki tilefni til ályktunar.

*l. Víðivatn, fyrirspurn varðandi veiði.*

Lögð fram fyrirspurn varðandi veiði í vatninu þar sem fram kemur að það sé í landi Sauðlauksdals í Patreksfirði og sé helmingaskipt milli Sauðlauksdals og Hvalskers. Þá

kemur fram að Hvalsker nýti sér veiði úr vatninu. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

*m. Strandarkirkja, endurnýjun á lóðarleigusamningi.*

Lagt fram erindi Guðjóns J. Jenssonar. Erindið var áður á dagskrá 262. fundar kirkjuráðs og var þá vísað til Strandarkirkjunefndar. Einnig lagðir fram minnispunktar framkvæmdastjóra um málið. Kirkjuráð ályktar að fela Strandarkirkjunefnd að taka afstöðu til erindisins.

*n. Valþjófsstaður, beiðni um kaup á landsspildu.*

Erindið lagt fram. Kirkjuráð ályktar að leigusamningur um landið verði endurnýjaður og í framhaldi af því verði erindið skoðað af kirkjustarfs/ fasteignahópi kirkjuráðs

*o. Staðastaður, leyfi til lagningar ljósleiðara.*

Lagt fram samkomulag vegna lagningar jarðstrengja og uppsetningar annars búnaðar milli Snæfellsbæjar og kirkjuráðs vegna jarðarinnar Staðastaðar. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samkomulags um málið og áritar það til staðfestingar samþykkis síns.

---

#### 4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

---

*a) Skálholt, deiliskipulagstillaga.*

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Skálholt, sveitarfélaginu Bláskógabyggð, greinargerð, skilmálar og umhverfisskýrsla, unnið af arkitektastofunni Landslag ehf. landslagsarkitektum. Fram kom að framkvæmdastjóri kirkjuráðs hefði setið fund stjórnar Skálholts þar sem Finnur Kristinsson landslagsarkitekt kynnti deiliskipulagstillöguna.

*b) Samstarfssamningur vegna uppbyggingar í Skálholti, afgreiðsla stjórnar Skálholts.*

Lögð fram bókun stjórnar Skálholts.

*c) Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, skýringar Minjastofnunar á niðurstöðu vegna umsóknar um styrk úr Húsafriðunarsjóði.*

Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands vegna styrkumsóknar 2017: Listgluggar Gerðar Helgadóttur, Skálholtskirkju. Þar er lagt til að Alþingi eða ríkisstjórn samþykki sértaka fjárveitingu til að unnt sé að mæta þeim mikla kostnaði sem viðgerðin hefur í för með sér. Segir í bréfinu að sú fjárveiting gæti mögulega farið í gegn um húsafriðunarsjóð, þannig að Minjastofnun hefði umsjón með framvindu verksins og útgreiðslum. Málið lagt fram til kynningar.

---

#### 5. BOÐUN KIRKJUÞINGS 2017

---

Lagt fram bréf forseta kirkjuþings þar sem hann boðar til kirkjuþings 2017 laugardaginn 11. nóvember n.k.

---

## 6. REGLUR UM BIFREIÐAAFNOT OG BIFREIÐASTÆÐI Á BISKUPSSTOFU

---

Reglurnar lagðar fram og samþykktar.

---

## 7. TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM MÓTUN EIGENDASTEFNU RÍKISINS FYRIR BÚJARÐIR

---

Með tillögunni ályktar Alþingi að fela fjármála- og efnahagsráðherra, í samvinnu við sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra, að móta eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir. Ráðherra leggi stefnuna fyrir Alþingi í formi þingályktunartillögu eigi síðar en 1. október 2017.

---

## 8. TILNEFNING TVEGGJA FULLTRÚA Í STJÓRN HJÁLPARSTARFS KIRKJUNNAR

---

Kirkjuráð tilnefnir Gunnar Sigurðsson og Salóme Huld Garðarsdóttur til setu í stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar.

---

## 9 STARFSMANNAMÁL

---

Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra að endurskoðun á launasetningu tveggja starfsmanna kirkjuráðs. Kirkjuráð samþykkir tillöguna.

---

## 10. ÖNNUR MÁL

---

a. *Fundur nefndar um áformaða ráðstefnu WCC á Íslandi.*

Lögð fram fundargerð nefndarinnar sem haldinn var á biskupsstofu hinn 2. ágúst 2017. Nefndin fer fram á að kirkjuráð ábyrgist greiðslu kostnaðar vegna komu Bartholomew patriárka Austurkirkjunnar ásamt aðstoðarmanni til ráðstefnunnar. Ábyrgðin getur orðið allt að 750 þ.kr. en gert er ráð fyrir að fundnir verði styrktaraðilar að verkefninu. Samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:54.

Næsti reglulegur fundur er áætlaður 13. september 2017

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
forseti, biskup Íslands.

---

Oddur Einarsson,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

---

Séra Gísli Gunnarsson

---

Séra Elínborg Gísladóttir

---

Einar Karl Haraldsson.